

Akureyri 28. janúar 2014

Atvinnuveganefnd Alþingis

Efni: Umsögn Norðurlandsskóga um tillögu til þingsályktunar um eflingu skógræktar sem atvinnuvegar og sameiningu stjórnsýslueininga á sviði skógræktar og landgræðslu. Þingskjal 273 – 211 mál.

Stjórn Norðurlandsskóga fagnar fram kominni þingsályktun og tekur undir nauðsyn þess að efla skógrækt á Íslandi sem arðsaman atvinnuveg.

Eins og fram kemur í greinargerð frumvarpsins var stofnað til landshlutaverkefnanna í skógrækt í þeim tilgangi að skapa skógarauðlind á Íslandi. Áætlanir gerðu ráð fyrir að byggja verkefnið upp með fjárframlagi hins opinbera sem yrði aukið ár frá ári og skógarþekja landsins aukin í samræmi við það. Fjárframlög hafa hins vegar ekki verið aukin til landshlutaverkefnanna síðastliðin 10 ár, heldur þvert á móti verið skorin niður eins og réttilega er bent á í greinargerð þingsályktunarinnar. Skógrækt verður ekki eflað og aukin nema til komi aukið fjármagn.

Afar brýnt er að auka fjárframlög til landshlutaverkefnanna sem fyrst þannig að hægt sé að auka gróðursetningu og tryggja þannig stöðugt timburframboð í framtíðinni.

Norðurlandsskógar leggja því til að við tillöguna verði bætt eftirfarandi lið:


e. Fjárframlög til landshlutaverkefnanna verði aukin nú þegar.

Athugasemdir við einstaka liði tillögunnar:

- Norðurlandsskógar eru sammála þeim atriðum sem upp eru talin og benda sérstaklega á þörfina fyrir eflingu á hagnýtum rannsóknnum í nýskógrækt svo sem rannsóknir á plöntugæðum og afföllum í nýgróðursetningum.
- Norðurlandsskógar eru sammála um að taka með opnum huga tillögum að þeim stjórnkerfisbreytingum sem settar verða fram í þeim tilgangi að efla og styrkja Norðurlandsskóga verkefnið og skógrækt í heild á landinu. Norðurlandsskógar leggja áherslu á að við hugsanlegar stjórnkerfisbreytingar verði byggðasjónarmið höfð að leiðarljósi og skógræktarstarfsemi verði eflað og tryggt til framtíðar á landsbyggðinni. Ennfremur er lögð áhersla á að ráðgjafabáttur landshlutaverkefnanna haldist innan skógargeirans.
- Afar brýnt er að endurskoða lög um skógrækt og að samræmis verið gætt við önnur lög málaflokksins. Verði stjórnkerfisbreytingar sbr. lið b samþykktar liggur beinast við að einn lagabálkur gildi um málaflokkinn.
- Rammaáætlun um eflingu skógræktar til þriggja ára væri vissulega bót frá því ástandi sem nú er. Fjárframlög til landshlutaverkefnanna eru ákveðin árlega, en gera þarf ræktunarsamninga um skógarplöntur 2-3 ár fram í tímann. Að mati Norðurlandsskóga væri æskilegra að rammaáætlun næði yfir lengri tíma, þannig væri hægt að skipuleggja framkvæmdir betur og af meiri hagkvæmni. Brýnt er að áætlun um fjárframlög verði lögð fram til 5-10 ára í senn.

Greinargerð: Norðurlandsskógar gera ekki beinar athugasemdir við greinargerð enda eru þar m.a. settar fram ýmsar hugmyndir sem þarf að útfæra betur áður en hægt er að taka afstöðu til þeirra. Bent er þó á að fyrirhyggju þarf við móttun starfsemi hugsanlegs skógræktarsjóðs. Tryggja þarf að starfsemi slíks sjóðs efla byggð og búsetu. Ef slíkt er ekki gert mun skógræktarsjóður geta ýtt enn frekar undir byggðaröskun.

F.h. Stjórnar Norðurlandsskóga


Valgerður Jónsdóttir, framkvæmdastjóri